

# Fundargerð

18. fundur íþróttá- og tómstundanevndar Langanesbyggðar haldinn í Veri fimmtudaginn  
7. febrúar 2008 kl. 17:00.

Mætt: Árni Davíð Haraldsson, Heiðrún Óladóttir, Sóley Vífilsdóttir og Linda Þersson.

## Dagskrá.

### *Til kynningar:*

1. Anna Breiðfjörð danskennari er væntanleg helgina 21. – 24. febrúar að kenna samkvæmisdansa.
2. UMFT flott án fíknar – kynning í Svartholi 22. – 24. febrúar eða þar um bil.
3. Samskiptanámskeið fyrir unglunga í Svartholi. Tvö skipti, mars og apríl. Á vegum Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga.
4. Sjálfstyrkingarnámskeið í Svartholi tvær helgar í apríl Vímulaus æska.

### *Til umfjöllunar:*

1. Sumarstarfsemi kofabyggð/ skólagarðar. Athuga þarf þátttöku í bekkjunum og jafnvel athuga að tengja skólagarðana skólastarfinu, komandi vor. Auglýst verður eftir starfsmanni vinnuskólans nú í mars einnig eftir umsjónarmanni yfir kofabyggð og skólagarða og eru eldri borgarar hvattir til að sækja um það starf. Staðsetning kofabyggðar og skólagarða verður að finna betri stað en síðast.
2. Mál. Félagsmiðstöð - fjárhagsáætlun 2008. Félagsmiðstöðin fær til ráðstöfunar á árinu 2008 kr. 1.000.000,-.
3. Félagsmiðstöð – brunavarnir. ÍTR leggur áherslu á að fá slökkviliðsstjóra til að taka húsnæðið út, setja upp reykskynjara og fara yfir brunamál með krökkunum.
4. Skipulagning hátíðarhalda í langanesbyggð 2008. Umræðu frestað til næsta fundar.
5. Íþróttá- og tómstundafulltrúi . Kátir dagar, nefnd er komin í gang. Klúbbastarf, félagsmiðstöðvar fer brátt að hefjast með áhugastarfi hvers og eins. Félagsstarf eldri borgara er í gangi með tómstunda fulltrúa. Erfiðlega hefur gengið fyrir íþróttá- og tómstundafulltrúa að virkja umsjónarmann félagsmála í grunnskólanum til samstarfs.

Eftirfylgni mála:

Fundi með áhugamönnum um golf var aflýst en verður auglýstur aftur síðar.

Mottur / hálkuvörn í búningsklefa. ÍTN harmar að ekki hafi enn verið brugðist á fullnægjandi máta við fullkomlega réttmætum og rökrænum kröfum okkar um kaup á hálkumottum í búningsklefum íþróttahússins.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18:00.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.